



# Fundargerð 269.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 9. mars 2022 kl. 16.00 fór fram stjórnarfundur á Húsavík

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ólína Freysteinsdóttir, Pröstur Friðfinnsson, Ólafur Rúnar Ólafsson og Þórhallur Jónsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Kynning á Höfnum Norðurþings.

Hafnarstjóri Hafna Norðurþings kynnti starfsemi hafnarinnar og framtíðarhugmyndir.

### 2. Ársreikningur Hafnasambands Íslands fyrir árið 2021.

Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2021 lagður fram til kynningar.

### 3. Hafnasvæði í sjó.

Í ljósi þeirrar hugmynda sem ræddar hafa verið undanfarið um að minnka hafnasvæði hafna leggur stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs. áherslu á að alls ekki megi skerða núverandi hafnasvæði samlagsins og telur raunar brýna þörf á því að stækka það frekar. Með vaxandi umsvifum á fjörðum, í og við hafnir er nauðsynlegt að tryggja siglingaöryggi og siglingarými allra skipa.

Með auknum kröfum um fjölbreytta þjónustu hafna við margvísleg skip og fjölbreyttari atvinnustarfsemi á hafnasvæðum en áður, er höfnum einnig nauðsyn á að fá auknar og skýrari heimildir til gjaldtöku fyrir þá þjónustu sem veitt er. Kröfur um þjónustu á og við hafnasvæði munu ætíð beinast að höfnunum, því verður þeim að vera kleift að standa undir þeim kröfum.

### 4. Önnur mál.

Engin önnur mál

### Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 18:10



Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

---

Axel Grettisson ritari

---

Ólína Freysteinsdóttir

---

Þróstur Friðfinnsson

---

Ólafur Rúnar Ólafsson

---

Þórhallur Jónsson

---

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

---